

Evrópskur tungumáladagur 2004

Evrópskur tungumáladagur var fyrst haldinn hátíðlegur á Evrópsku tungumálaári 2001 að frumkvæði [Evrópuráðsins](#) og [Evrópusambandsins](#). Evrópuráðið ákvað síðan að gera [Evrópskan tungumáladag 26. september](#) að árlegum viðburði með það að markmiði að vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og fagna fjölbreytileika tungumála í Evrópu. Hvatt er til símenntunar í tungumálum til að koma til móts við efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar breytingar í Evrópu og að auka gagnkvæman skilning þjóða. Kjörorð dagsins er: „Tungumál opna dyr.“

Menntamálaráðuneyti hefur, síðan á tungumálaárinu 2001, tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um Evrópska tungumáladaginn og hefur með ýmsum hætti reynt að stuðla að því að skólar og hagsmunaaðilar haldi daginn hátíðlegan með einhverjum hætti, s.s. með útgáfu og dreifingu veggspjalds, svo og [bæklinga](#) með hugmyndum að verkefnum og aðgerðum á tungumáladeginum, auk þess að halda málþing og senda árlega hvatningarbréf til skóla og hagsmunaaðila.

Þar sem 26. september ber í ár upp á sunnudag hefur ráðuneytið hvatt skóla og aðra hagsmunaaðila til að nýta föstudaginn 24. september til að halda Evrópskan tungumáladag hátíðlegan. Þann dag standa menntamálaráðuneyti og [Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum](#) fyrir málþingi undir yfirskriftinni: Á að hefja kennslu erlendra tungumála fyrr í skólakerfinu? Málþingið verður haldið í Öskju, nýju náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar er að finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).



Evrópskur tungumáladagur
26. september



Ungir fulltrúar Norðurlandanna á ráðstefnunni Menntun og mannauður – lífandi skólasamfélag

Menntun og mannauður – lífandi skólasamfélag

Ráðstefnan *Menntun og mannauður – lífandi skólasamfélag* var liður í formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi fyrir árið 2004 en á þeim vettvangi eru árlega haldnar þemaráðstefnur um skólamála. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík dagana 15. – 16. september sl. Markmiðið með henni var m.a. að tengja saman umfjöllun um mannauðinn sem býr í ungu fólki og í skólasamfélaginu í heild og þær áherslur sem hafa verið ofarlega á baugi á norrænum vettvangi á undanföllum árum um lýðræði í skólastarfi. Þar var m.a. rætt um hvernig virkja megi ungt fólk í umræðum og ákvarðanatöku, efla alhliða þroska nemenda og gera þá færari til að takast á við áskoranir dagslegs lífs á 21. öldinni. Á ráðstefnuna var boðið fulltrúum skólastjórnenda, starfsfólks skólaskrifstofa, foreldra, kennara og nemenda af grunn- og framhaldsskólastigi ásamt fræðimönnum og starfsfólki úr ráðuneytum.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti ráðstefnuna og fjallaði m.a. í ávarpi sínu um lífsleikni og hvernig hún gæti nýst til að byggja upp færni í lýðræðislegum vinnubrögðum. Fulltrúar allra Norðurlandanna auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja, fjölluðu um lýðræði í skólastarfi út frá sjónarhorni foreldris, nemenda, skólastjórnanda og embættismanns. Unnið var í vinnuhópum um efni eins og: Að virkja mannauðinn í skólastarfi – Lífsleikni og lýðræðisleg vinnubrögð - Nýjungar í skólastarfi. Hvernig virkar lýðræði í skólum? Hvað breytist við þátttöku nemenda/ungs fólks? Þátttaka í

hópvinnunni var góð og líflegar umræður sköpuðust.

Pallborðsumræður tíu ungmenna frá Norðurlöndunum um þann mannauð sem æskufólkið býr yfir og hvernig hann nýtist í skólastarfinu voru mjög líflegar og skilaboð unga fólksins voru á þá leið að það væri ekki nóg að hlusta á ungt fólk á tyllidögum, fræða um lýðræði, leyfa þeim að vera með í ráðum um litlu málin svokölluðu en ganga svo fram hjá þeim þegar um stærri mál væri að ræða. Fulltrúar Íslands í pallborðsumræðunum voru þau Magnús Jóel Jónsson úr [Árbæjarskóla](#) og Kristín Svava Tómasdóttir úr [Kvennaskólanum í Reykjavík](#).

Jörn Lund, forstöðumaður „[Det Danske Sprog- og Litteraturselskab](#)“, og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fjölluðu um menntun og mannauð og horfðu til framtíðar. Jörn Lund sagði m.a. í erindi sínu að við ættum að gæta móðurmálsins og læra af norrænum frændum okkar. Hann rakti umræður og áherslur í skólamálaum liðinna áratuga og ræddi nokkuð um gildi í skólastarfi. Jörn Lund lagði áherslu á að sá skóli sem hann vildi efla væri sá sem legði áherslu á ræktun sjálfsvitundar, umhyggju og lífsgleði. Vigdís Finnbogadóttir sagði m.a. að það væru fyrst og fremst lýðræðislegar aðferðir sem héldu lífi í lýðræðinu en hún lagði líka áherslu á gildi norræns samstarfs, kunnáttu í norrænum tungumálum og tengsl við fortíðina. Hún sagði jafnframt að enginn væri eyland og engin þjóð gæti haldið reisu sinni án tengsla við það sem á undan væri gengið. Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, sleit ráðstefnunni. Skýrsla með erindum sem flutt voru á ráðstefnunni verður gefin út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Íslensk menningarkynning í Frakklandi

Eftt verður til mikillar íslenskrar menningarkynningar í París og víðar í Frakklandi dagana 27. september til 10. október nk. undir heitinu „Islande, de glace & de feu.“ Hún er skipulögð og kostuð af frönskum og íslenskum stjórnvöldum. Kynningin er innan ramma tvíhliða landa- og menningarkynninga sem Frakkar hafa átt



frumkvæði að með löndum sem þegar hafa undirritað menningarsamninga við Frakkland. Markmið kynningarinnar er að efla ímynd Íslands og íslensku þjóðarinnar í Frakklandi með því að kynna íslenska menningu, vísindi og atvinnulíf. Um er að ræða stærstu Íslandskynningu hingað til á franskrri grund á vegum stjórnvalda.

Menningarkynningin byggir á tveimur meginstoðum:

Vísindi

Íslensk vísindasýning í vísindasafninu Palais de la Découverte í París hefst í byrjun menningaráttarinnar þann 27. september og lýkur 5. janúar 2005. Sýningin verður helguð vísindastarfi á Íslandi á eftirtöldum sviðum: hafrræði, vetnisnotkun, eldfjallafræði, jarðhitafæði og erfðafræði. Kynnt verður staða þessara vísindagreina á Íslandi í dag en jafnframt stuðst við sögulegar skírskotanir allt frá fyrstu Íslandsbyggð. Samhliða er gert ráð fyrir málþingum og kynningum ýmissa íslenskra fyrirtækja og stofnana.

Listir

Listviðburðir af margvíslegu tagi munu fara fram í París, Rennes, Sérignan, Rouen, La Rochelle og víðar, í söfnum, leikhúsum og tónleikasölum. Um er að ræða fjölbreytta íslenska menningarhátíð „Quinzaine islandaise“ með listviðburðum í myndlist, tónlist, bókmenntum, leiklist og kvikmyndum á hverjum degi í fimmtán daga frá 27. september til 10. október 2004. Á annað hundrað íslenskir listamenn koma við sögu í þessari miklu menningarkynningu sem verður sú umfangsmesta sem haldin hefur verið utan Íslands hingað til.

Forsætisráðherra mun opna menningarkynninguna og vísindasýninguna af Íslands hálfu við hátíðlega athöfn mánudaginn 27. september í vísindasafninu Palais de la Découverte. Nánari upplýsingar er að finna á www.islande-glacefeu.com.

